

Reykjavík 9. júní 2020

Efni: Ábendingar um drög að matsáætlun vegna Borgarlínu

Til Réttar hefur leitað Barnavinafélagið Sumargjöf, kt. 440169-0829, þar sem drög að matsáætlun vegna Borgarlínu frá Ártúnshöfða að Hamraborg hafa verið kynnt og boðið upp á athugasemdir og ábendingar.

Í umræddum drögum að matsáætlun kemur fram að á fyrsta stigi matsins sé mótuð matsáætlun og skilgreindar þær framkvæmdir sem ætlað er að meta, gerð grein fyrir helstu áhrifaþáttum framkvæmda og vinsaðir út þeir umhverfispættir sem lögð verður áhersla á. Með þessu sé miðað að skýrri framsetningu mats á umhverfisáhrifum og að uppfylla kröfur laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. l. nr. 106/2000.

Samkvæmt teikningum og vefsja Borgarlínunnar er lega Borgarlínunnar áætluð yfir sunnanverða lóð Steinhlíðar við Suðurlandsbraut. Í fyrirbyggjandi drögum að matsáætlun kemur fram að gert sé ráð fyrir þverun yfir Elliðaárvog en hins vegar liggi ekki fyrir útfærsla á þeim kafla, sbr. bls. 19 í drögum dags. maí 2020.

Vegna þessa óskar umbjóðandi minn eftir því að koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri.

Umbjóðandi minn tók við Steinhlíð sem gjöf árið 1949 og hefur kappkostað við að halda í heiðri þeim skilyrðum sem sett voru fyrir gjöfinni, þ.e.:

Að í Steinhlíð sé starfrækt barnaheimili þar sem áhersla sé lögð á að kenna börnum trjáækt og matjurtarækt, að hlúð sé að gróðri þeim sem er á lóðinni, og að félagið tryggji samþykki bæjarstjórnar fyrir að landið verði ekki skert og að ekki verði lagðir vegir um það né lóðum úthlutað af því.

Fyrir liggur samþykki Reykjavíkurborgar fyrir umræddum skilmálum vorið 1949. Umbjóðandi minn leggur ríka áherslu á að skilmálarnir verði virtir og lóðin ekki skert, ekki síst með hliðsjón af gildi lóðarinnar fyrir starfsemi leikskólans, þeirrar staðreyndar að hún er gróðurvin í borginni (líffræðileg fjölbreytni) sem hefur mikið gildi sem útivistarsvæði (grænt svæði) fyrir almenning, einkum þá sem næst búa. Með öðrum orðum er um er að ræða svæði sem l. nr. 106/2000 er ætlað að vernda, einkum b. liðar 1. gr. laganna um að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar og c. liðar 1. gr. um að stuðlað skuli að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta.

Umbjóðandi minn leggur áherslu á að við valkostagreiningu og útfærslu legu Borgarlínu verði allra leiða leitað til að leggja hana eins sunnarlega og mögulegt er á þessum kafla, þannig að

skerðing lóðarinnar verði lítil og helst engin. Þá er mikilvægt að við útfærslu kjarnastöðvar við Vogabyggð verði lóð Steinhlíðar ekki skert að austanverðu.

Umbjóðandi minn gerir jafnframt athugasemd við þá staðreynd að lóð Steinhlíðar sé að hluta flokkuð sem smágerð íbúabyggð og ræma næst Borgarlínu sem náttúrusvæði (sjá bls. 10 í drögum og kort um staðhætti/vefsjá Borgarlínu). Með hliðsjón af fyrrnefndum skilmálum er útilokað að skilgreina lóðina með þessum hætti og þess í stað ber að flokka hana sem náttúrusvæði (grænt svæði, sbr. skilgreiningu á bls. 8 í drögum) en að öðrum kosti sem verndarsvæði á grundvelli líffræðilegrar fjölbreytni. Í því samhengi vísar umbj. minn til umfjöllunar í 4. kafla í núverandi drögum þar sem kemur fram að náttúrusvæði eða græn svæði séu símikilvægari í amstri höfuðborgarinnar og að mikilvægt sé að hlúa að þeim svæðum sem við eigum fyrir og styrkja þau. Grænt umhverfi við línuna skapi nærandi umhverfi fyrir borgarbúa og þá sem nota línuna. Þá vísar umbj. minn til 4. gr.b. l. nr. 106/2000 og telur slíka skilgreiningu falla betur að því markmiði laganna að greina og meta líffræðilega fjölbreytni.

Umbjóðandi minn leyfir sér að öðru leyti að ítreka þau sjónarmið sem fram koma í bréfi dags. 16. mars 2020.

Að lokum óskar umbjóðandi minn eftir því að vera skilgreindur sem umsagnaraðili í ferlinu og áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum við kynningu á frummatsskýrslu.

Virðingarfyllst



Védis Eva Guðmundsdóttir, lögmaður

f.h. Sigurðar Arnar Hilmarssonar, lögmanns

Reykjavík, 16. mars 2020

Efni: Málefni Sumargjafar um lóð leikskólans Steinahlíðar

1. Til Réttar hefur leitað Barnavinafélagið Sumargjöf, kt. 4401690829, Skipholti 5, 105 Reykjavík, og falið okkur að gæta hagsmuna félagsins vegna lóðar á Suðurlandsbraut 75 í Reykjavík, þar sem leikskólinn Steinahlíð hefur aðsetur. Tílefni hagsmunagæslunnar er fyrirhuguð lagning Borgarlínu og væntanleg skerðing á eignarrétti sem í framkvæmdunum mun felast.
2. Samkvæmt upplýsingum Réttar var erindið um lagningu Borgarlínu á lóð umbjóðanda míns fyrst borið undir félagið með fundarboði 21. janúar síðastliðinn. Í kjölfarið fundaði umbjóðandi minn með fulltrúum Reykjavíkurborgar 29. janúar. Svo virðist sem þá hafi þegar verið fjallað allnokkuð um málið hjá borginni.
3. Umbjóðandi minn telur brýnt að áréttu mikilvægi þess að rétt sé staðið að málum um fyrirhugaða lagningu Borgarlínu. Líta ber á bréf þetta sem áskorun til Verkefnastofu Borgarlínu, og annarra stjórnvalda sem að Borgarlínunni koma, að rannsaka öll möguleg úrræði til hlítar með tilliti til rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga. Einkum óskar umbjóðandi minn eftir því að verða haldið upplýstum um gang mála og fá að gera athugasemdir eftir því sem tílefni gefst til í samræmi við andmælarétt 13. gr. stjórnsýslulaga. Með því móti er vitanlega ekki aðeins gætt að hagsmunum umbjóðanda míns, heldur einnig, og kannski fyrst og fremst, stuðlað að því að endanleg niðurstaða verði réttmæt og jafnframt byggð á lögum og málefnum forsendum.

4. Rétt er í bréfi þessu að rekja í stuttu máli sögu og hlutverk umbjóðanda míns og Steinahlíðar. Lóðin sem um ræðir gegnir verulega þýðingarmiklu hlutverki, ekki aðeins fyrir starfsemina í Steinahlíð heldur einnig sem grænt útivistarsvæði fyrir almenning.

Umbjóðandi minn hóf starfsemi árið 1924 og annaðist byggingu og rekstur leikskóla borgarinnar til 1978 þegar borgin tók yfir reksturinn. Árið 1949 fékk umbjóðandi minn Steinahlíð, ásamt lóðinni að Suðurlandsbraut, að gjöf. Gjöfin var bundin ákveðnum skilyrðum, einkum er lutu að því að á eigninni skyldi starfrækt barnaheimili, þar sem sérstök áhersla yrði lögð á að kenna börnum trjárækt og matjurtarækt. Einnig samþykkti bæjarstjórn að landið yrði ekki skert og ekki yrðu lagðir vegir um það. Skilyrði gjafarinnar hafa ætíð, og að öllu leyti, verið virt af umbjóðanda mínum.

Með tíð og tíma hefur Steinahlíð og umrædd lóð sett svip sinn á hverfið. Í dag blómstrar leikskólastarfið og svæðið einkennist jafnan af lífi og fjöri, einkum þeirra sem næst búa. Ljóst er því að veruleg skerðing lóðarinnar eða annars konar bagaleg röskun yrði því mörgum til ama, ekki einungis umbjóðanda mínum.

Umbjóðandi minn leggur ríka áherslu á að rækilega sé hugað að ofangreindum atriðum áður en lagt verður af stað í vegferð, sem kann að fela í sér óafturkræf spjöll.

5. Loks áréttar umbjóðandi minn að komi til þess að lóðin, eða hluti hennar, verði tekin eignarnámi í þágu Borgarlínunnar, verða þau stjórnvöld er að því ferli koma að haga undirbúningi og framkvæmd slíkrar ákvörðunar í samræmi við hina stjórnskipulegu meðalhófsreglu sem gildir um eignarnám. Í því felst ekki aðeins að meta hvort skilyrði og nauðsyn eignarnáms sé fyrir hendi, heldur einnig krafa um að velja vægasta úrræðið af þeim sem tæk eru.

Að svo stöddu telur umbjóðandi minn óþarft að fjalla nánar um framanrakin sjónarmið eða þær reglur og dómafordæmi sem lúta að eignarnámi. Tilgangur þessa bréfs er fyrst og fremst sá að gera þar til bærum stjórnvöldum ljóst

hversu ríkir hagsmunir eiga í hlut að því er lóð umbjóðanda míns varðar, ekki eingöngu fyrir félagið sjálft, heldur hverfið í heild og almenning. Brýnt er því að vandað sé til verka og málið kannað frá öllum hliðum. Eins og áður segir er umbjóðandi minn reiðubúinn að auðvelda slík vinnubrögð með upplýsingagjöf og athugasemdum eða öðru því sem stjórnvöld kunna að óska eftir.

6. Vakni einhverjar spurningar eða athugasemdir um málefni umbjóðanda míns í framangreindu tilliti er óskað eftir því að haft verði samband á netfangið kjartan@rettur.is.

Virðingarfyllst,


Kjartan Ragnars, lögmaður

F.h. Sigurðar Arnar Hilmarssonar, lögmanns

Afrit:

Reykjavíkurborg

Borgarlögmaður

Óli Jón Hertervig, deildarstjóri eignaumsýslu hjá Skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar hjá Reykjavíkurborg.

Ívar Örn Ívarsson, deildarstjóri lögfræðideildar eigna- og atvinnuþróunar hjá Reykjavíkurborg.